

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á skipulagsskrá nr. 342/2014, fyrir Gjafasjóð Sjúkrahússins á Akureyri.

Stjórn sjóðsins hefur samþykkt eftirfarandi breytingu á skipulagsskrá sjóðsins:

6. gr. orðist svo:

Stjórn sjóðsins skal skipuð 3 mönnum sem stjórn Hollvinasamtaka Sjúkrahússins á Akureyri skipar (sbr. 9. gr.) ásamt 3 mönnum til vara.

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Stjórnin stýrir öllum málefnum sjóðsins og kemur fram út á við fyrir hönd hans. Stjórnin skal sjá til þess að skipulag og starfsemi sjóðsins sé jafnan í réttu og góðu horfi. Undirskriftir meirihluta stjórnar skuldbinda sjóðinn.

Stjórn sjóðsins getur veitt öðrum umboð. Sjóðstjórn tekur ákvarðanir um hvernig ráðstafa skuli fé sjóðsins (sjá einnig 9. gr.) að höfðu samráði við framkvæmdastjórn sjúkrahússins.

Stjórnarfundir eru lögmætir ef meirihluti stjórnar sækir fund. Mikilvægar ákvarðanir má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi fjallað um málið, sé þess nokkur kostur. Halda skal fundargerðabók um það sem gerist á stjórnarfundum. Stjórnin þiggur ekki laun fyrir störf sín.

9. gr. orðist svo:

Tekjur sjóðsins eru:

Gjafir og framlög til sjóðsins og Sjúkrahússins á Akureyri.

Fjármunir sem Hollvinasamtök Sjúkrahússins á Akureyri afla skulu renna til Gjafasjóðs. Þeim fjármunum, þ.m.t. félagsgjöldum, skal haldið til haga sem sérstöku viðfangi (deild) innan sjóðsins.

Vaxtatekjur.

Aðrar tekjur.

Fjármunum sem aflað hefur verið af eða þeir gefnir einstökum deildum SAK, skulu að jafnaði renna til þeirra.

Stjórninni er skylt að tryggja sem mesta ávöxtun stofnfjár og tekna án þess að stofna fé sjóðsins í hættu.

F.h. sýslumannsins á Norðurlandi vestra, 16. ágúst 2016,

Björn Hrafnkelsson.

Auður Steingrimsdóttir.